

Fimmtudaginn 29. mars 1990.

Nr. 283/1988. **Sigurður Daníelsson**

(Sveinn Sveinsson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

og

**iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar**

(Hjörleifur Kvaran hdl.)

**og gagnsök.**

Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1988. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 879.556, ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 59.693 frá 1.1.'85 til 1.2.'85, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 119.386 til 1.3. '85, með 45% ársvöxtum af kr. 190.276 frá þ.d. til 1.4.'85, af kr. 261.166 frá þ.d. til 1.5.'85, af kr. 332.056 frá þ.d. til 1.6.'85, með 42% ársvöxtum af kr. 402.946 frá þ.d. til 1.7.'85, af kr. 477.381 frá þ.d. til 1.8.'85, af kr. 553.602 frá þ.d. til 1.9.'85, með 45% ársvöxtum af kr. 629.823 frá þ.d. til 1.10.'85, af kr. 709.474 frá þ.d. til 1.11.'85, af kr. 791.514 frá þ.d. til 1.12.'85, af stefnufjárhæðinni, kr. 879.556, frá þ.d. til 1.3.'86, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1.4.'86, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3.'87, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1.7.'87, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1.8.'87, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9.'87, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12.'87, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1.'88, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3.'88, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.5.'88, en frá þ.d. með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði verði kveðið svo á að tildæmdir

drv. fyrir tímabilið 1. febr. 1985 til 1. febr. 1986 skuli síðastgreindan dag færðir til höfuðstóls, sem drv. reiknast af, og síðan skuli áfallandi drv. bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Enn fremur er þess krafist að aðaláfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti skv. mati réttarins. Við ákvörðun málskostnaðar í héraði verði tekið tillit til söluskatts-skyldu aðaláfrýjanda af greiddum málskostnaði og við ákvörðun málskostnaðar fyrir Hæstarétti sé þess gætt að aðaláfrýjandi hefur ekki frádráttarrétt vegna virðisaukaskatts“.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 22. september 1988. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á fjárkröfu aðaláfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Gagnáfrýjendur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Danielssyni, 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. júní sl., hefur Sigurður Danielsson framkvæmdastjóri, nnr. 7847-8292, Háaleitisbraut 41, Reykjavík, höfðað með stefnu, framlagðri í dómi 19. maí 1987, á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar.

#### I.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 879.556 ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 59.693 frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 119.386 til 1. mars 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 190.276 frá

þ.d. til 1. apríl 1985, af kr. 261.166 frá þ.d. til 1. maí 1985, af kr. 332.056 frá þ.d. til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum af kr. 402.946 frá þ.d. til 1. júlí 1985, af kr. 477.381 kr. frá þ.d. til 1. ágúst 1985, af kr. 553.602 frá þ.d. til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 629.823 frá þ.d. til 1. október 1985, af kr. 709.474 frá þ.d. til 1. nóvember 1985, af kr. 791.514 frá þ.d. til 1. desember 1985, af stefnufjárhæðinni, kr. 879.556, frá þ.d. til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til dómtökudags, en með ársvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að í dómsorði verði kveðið svo á, að tildæmdir dráttarvextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skuli síðastgreindan dag færðir til höfuðstóls, sem dráttarvextir reiknast af, og síðan skuli áfallandi dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefnandi krefst og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara krefjast stefndu, að stefnukrafan verði lækkuð og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

## II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf störf hjá ríkisfyrirtækinu Landsmiðjunni 7. apríl 1953 sem nemi í vélvirkjun. Á árinu 1957 lauk hann sveinsprófi í iðninni og starfaði við þá iðn hjá fyrirtækinu til ársins 1960, en hóf þá störf á teiknistofu Landssmiðjunnar við hönnun, tilboðsgerð og eftirlit með framkvæmdum. Stefnandi starfaði á teiknistofunni til 30. júní 1970, en frá þeim tíma og til 31. júlí 1972 starfaði hann annars staðar og var ekki ríkisstarfsmaður. Þann 1. ágúst 1972 hóf stefnandi á ný störf á teiknistofu Landssmiðjunnar við fyrri verkefni og tók síðar við störfum yfirverkstjóra. Stefnandi var ráðinn í stöðu tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar með ráðningarsamningi, dagsettu 24. febrúar 1981, en gögn málsins eru ekki ljós um það, hvenær stefnandi tók við því starfi. Í liðnum Starf hefst í hinu prentaða formi ráðningarsamningsins er skráð: 1. október 1980, en í gögnum um launagreiðslur til stefnanda frá launadeild fjármálaráðuneytisins, sem lögð hafa verið fram í dóminum, kemur fram,

að stefnandi hafi allt árið 1981 fengið greidd laun samkvæmt taxta Verkstjórásambands Íslands fyrir iðnlærða verkstjóra og hann hafi greitt iðgjöld í Lífeyrissjóð verslunarmanna og félagsgjöld til Verkstjórafélagsins Þórs.

Stefnanda var með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 25. maí 1983, falið að gegna tímabundið starfi forstjóra Landssmiðjunnar í veikindaforföllum forstjóra. Þann 31. október 1983 var stefnandi með bréfi iðnaðarráðherra skipaður forstjóri Landssmiðjunnar frá 1. nóvember 1983 að telja. Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dómnum kom fram, að þar til hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra, voru laun hans samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага innan Alþýðusambands Íslands eða féлага, sem stóðu utan samtaka opinberra starfsmanna. Eftir að stefnandi tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar, fékk hann greidd laun samkvæmt kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en frá því að hann var skipaður forstjóri, naut hann sambærilegra launa og fyrirrennari hans í starfinu, en hann hafði notið launakjara Bandalags háskólamanna. Stefnandi mun hins vegar áfram hafa verið félagsmaður í BSRB.

Með samningi, dagsettum 20. september 1984, undirrituðum af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, var ríkisfyrirtækið Landssmiðjan selt hlutafélagi, Landssmiðjunni hf., en stofnendur hlutafélagsins voru 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Var samningurinn gerður með fyrirvara um, að Alþingi veitti heimild til sölunnar, og með lögum nr. 125/1984 var sú heimild veitt, og tók hlutafélagið við fyrirtækinu 1. janúar 1985. Í 9. gr. kaupsamningsins var svofellt ákvæði um starfsmannamál: „Öllum núverandi starfsmönnum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar verður sagt upp í septembermánuði miðað við 1. janúar 1985. Landssmiðjan hf. hefur fullt frelsi til að endurráða þá starfsmenn Landssmiðjunnar, sem hið nýja fyrirtæki telur nauðsynlegt að endurráða.“ Í lögum nr. 125/1984 eru engin sérákvæði um starfsmenn Landssmiðjunnar.

Stefnandi var meðal stofnenda Landssmiðjunnar hf., og nam hlutafé hans við stofnun félagsins kr. 210.000, en heildarhlutafé félagsins var kr. 4.020.000 kr. Af hálfu stefnanda kom fram, að hann ætti enn um 5% af heildarhlutafé félagsins.

Iðnaðarráðherra fól stefnanda sem forstjóra Landssmiðjunnar með bréfi, dagsettu 25. september 1984, að segja öllu starfsfólki fyrirtækisins upp störfum fyrir 1. október 1984, og skyldu uppsagnirnar taka gildi frá og með 1. janúar 1985. Með sama bréfi var stefnanda sagt upp störfum sem forstjóra Landssmiðjunnar frá og með 1. janúar 1985. Stefnandi gegndi störfum forstjóra Landssmiðjunnar til ársloka 1984, en frá og með 1. janúar 1985 var hann ráðinn af stjórn Landssmiðjunnar hf. framkvæmdastjóri félagsins.

Í framhaldi af uppsögnum starfsfólks Landssmiðjunnar ritaði stéttarfélag þess, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Landssmiðjunni bréf, dagsett 6. nóvember 1984, þar sem m.a. var vakin athygli á rétti ríkisstarfsmanna til biðlauna við niðurlagningu starfs, sbr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Erindi stéttarfélagsins var framsent iðnaðarráðuneytinu, og í framhaldi af því fóru fram viðræður við ráðuneytið um kröfur starfsfólks um biðlaun. Niðurstaða viðræðnanna mun hafa verið sú, að þeim starfsmönnum, sem höfðu skipunarbréf, öðrum en stefnanda, voru greidd biðlaun skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954. Við flutning málsins kom fram, að samkvæmt þessari ákvörðun fengu þrír starfsmenn greidd biðlaun, og sagði lögmaður stefndu, að þessi ákvörðun hefði byggst á því, að þeir einir skyldu fá biðlaun, sem væru skipaðir starfsmenn og ekki hluthafar í Landssmiðjunni hf. Samkvæmt þessu hefðu þeir starfsmenn, sem voru skipaðir og jafnframt hluthafar í Landssmiðjunni hf., ekki fengið greidd biðlaun og einnig þeir, sem ráðnir höfðu verið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Nú væri hins vegar sýnt, að við framkvæmd þessarar ákvörðunar hefði einn skipaður starfsmaður, sem jafnframt var hluthafi, fengið greidd biðlaun, en þetta væri undantekning, og ekki vissi hann um ástæður þessa.

Með bréfi, dagsettu 27. september 1985, var ríkissjóður krafinn um biðlaun skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954 vegna þeirra fyrrverandi ríkisstarfsmanna Landssmiðjunnar, sem ekki höfðu þegar fengið greidd biðlaun, og þar á meðal var stefnandi. Að lokinni athugun var lögmanni starfsfólksins tilkynnt, að fjármálaráðuneytið teldi sér ekki skylt að greiða frekari biðlaun. Í samráði við ríkislögmann höfðaði lögmaður starfsfólksins þá mál fyrir einn starfsmanninn, Friðrik Ágúst Helgason, og var það þingfest 30. september 1986. Mál þetta gekk þó ekki til dóms, og kom fram við flutning málsins, að ástæða þess var, að á þessum tíma voru lagðar niður nokkrar stöður hjá annarri ríkisstofnun, og var það ákvörðun þess ráðherra, sem fór með fyrirvar þeirrar stofnunar, að þeir starfsmenn, sem gegnt höfðu umræddum stöðum, fengju greidd biðlaun. Taldi fjármálaráðuneytið því rétt með tilliti til jafnræðis í stjórnsýslunni, að þeir fyrrverandi starfsmenn Landssmiðjunnar, sem eins stóð á um, fengju greidd biðlaun. Í samkomulagi, sem Gestur Jónsson hrl. f.h. sjö fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar og ríkislögmaður f.h. iðnaðar- og fjármálaráðherra gerðu og dagsett er 24. mars 1987, féllst ríkissjóður á að greiða biðlaun til áður nefnds Friðriks og sex annarra fyrrum starfsmanna Landssmiðjunnar, en þessir starfsmenn tóku allir laun samkvæmt kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra og voru ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ekki náðist samkomulag um mál Sigurðar Daníelssonar, stefnanda þessa máls, og Hauks Baldurssonar, og segir svo orðrétt í samkomulaginu:

„Ríkissjóður hafnar kröfu Sigurðar Danielssonar (7847-8282) og Hauks Baldurssonar (3810-6716), m.a. vegna þess að þeir eru báðir hluthafar í Landssmiðjunni hf. og starfa þar báðir. Mun Gestur höfða mál fyrir hönd annars þeirra og fallast aðilar á að úrslit þess máls skuli gilda um uppgjör hins.“

Er mál þetta höfðað í framhaldi af þessu samkomulagi.

### III.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að hann hafi sem ríkisstarfsmaður í skilningi l. nr. 38/1954 notið réttar til biðlauna samkvæmt 14. gr. sömu laga, þegar staða hans sem forstjóra ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar var lögð niður. Réttur ríkisstarfsmanns samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 til biðlauna sé skýr og skerðist aðeins samkvæmt beinum ákvæðum greinarinnar, ef starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Því sé ekki til að dreifa hér, enda hafi stefnandi ekki verið boðin önnur sambærileg staða hjá ríkinu við niðurlagningu stöðu hans. Biðlaun samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 séu lögákveðnar bætur til starfsmanns, sem sagt er upp starfi, vegna þess að staða sú, sem hann hefur gegnt, er lögð niður. Þessi regla hafi í fræðiritum verið skýrð svo, að þessar bætur eigi starfsmaður að fá, þótt hann fái atvinnu og hafi atvinnutekjur á biðlaunatímanum, ef sú atvinna er hjá öðrum en ríkinu. Skilja verði afstöðu stefndu svo, að þeir virðist í sjálfu sér fallast á, að biðlaunarétturinn hafi verið fyrir hendi, en virðist telja, að hann hafi fallið niður, þegar stefnandi ákvað að taka við starfi hjá Landssmiðjunni hf., og þá skipti það einnig máli, að hann sé hluthafi í því félagi, sem keypti Landssmiðjuna af ríkissjóði. Þessum sjónarmiðum stefndu er algerlega mótmælt af hálfu stefnanda.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt athugasemd við 14. gr. þess frumvarps, sem varð síðar að lögum nr. 38/1954, sé tilgangur greinarinnar að tryggja, að starfsmaður í stöðu, sem lögð er niður, fái laun, sem svari ríflegum uppsagnarfresti. Ekki verði því komist hjá því að mótmæla þeim skilningi á tilgangi ákvæðisins, sem fram komi í greinargerð stefndu, en þar sé því haldið fram, að tilgangurinn sé að gefa fyrrum ríkisstarfsmanni rúman umbóttunartíma til að finna sér annað starf, þegar staða hans hefur verið lögð niður. Stefnandi segir það ekki skipta máli, hvort starfsmaður, sem gegnt hefur stöðu, sem lögð er niður, verði að einhverju leyti eigandi að þeirri starfsemi, er hann starfaði áður við hjá ríkinu, og í tilviki stefnanda sé ekki til að dreifa neinum sérákvæðum í samningum eða lögum, sem skert geti rétt hans samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954.

Stefnandi telur, að í þessu máli reyni á skýringu eftirfarandi atriða í 14. gr. l. nr. 38/1954: hvenær staða sé lögð niður, hver séu föst laun, er starfanum fylgdu, og hvað felist í orðalaginu: að hafa verið í þjónustu ríkisins í tiltekinn tíma.

Varðandi fyrsta atriðið bendir stefnandi á, að skilja verði afstöðu stefndu á þann veg, að þeir byggi á því, að einhverjar þær aðstæður séu fyrir hendi, að niðurlagning stöðu hans eigi ekki að teljast niðurlagning í merkingu greinarinnar. Þessu vísar stefnandi algjörlega á bug. Áður en ríkisfyrirtækið Landssmiðjan hafi verið selt Landssmiðjunni hf., hafi stefnandi gegnt stöðu forstjóra ríkisfyrirtækisins og notið í því starfi starfskjara ríkisstarfsmanns. Þessi opinbera staða hafi verið lögð niður við sölu fyrirtækisins. Eins og áður hafi verið bent á, skipti það ekki máli, þótt stefnandi hafi af stjórn Landssmiðjunnar hf. verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra hlutafélagsins, þegar það keypti rekstur Landssmiðjunnar, og hlutabréfaeign stefnanda í því félagi hafi þar ekki heldur áhrif. Stefnandi vísar til þess, að Hæstiréttur hafi í fjórum dómum frá árinu 1964 (Hrd. 1964, bls. 936, 942, 948 og 954) staðfest, að þegar ríkið lætur af tiltekinni starfsemi og hún er yfirtekin af öðrum aðila, sem áfram veitir fyrrverandi ríkisstarfsmönnum kost á sömu störfum, þá teljist það niðurlagning stöðu skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954.

Um þá spurningu, hvað séu föst laun, er starfanum fylgdu, í merkingu 14. gr. 1. nr. 38/1954, segir stefnandi, að kröfugerð hans í þessu máli sé í samræmi við það samkomulag, sem náðst hafi þann 6. mars 1987 milli stefndu og 7 fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar, og þá útreikninga, sem launadeild fjármálaráðuneytisins hafi gert að beiðni lögmanns stefnanda vegna þess máls. Stefnandi byggir á því, að til fastra launa teljist mánaðarkaup, umsamin föst yfirvinna, orlofsfé og persónuuppbot í desember. Í útreikningum launadeildar, sbr. dskj. nr. 8 og 10, komi fram, að reiknað sé með, að stefnandi fái 30 tíma á mánuði í yfirvinnu og orlofsfé hans sé reiknað 13,04% á laun. Stefnandi vísar til skýrslu sinnar fyrir dómnum um, að ekki hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag um yfirvinnugreiðslur hans, en svo hafi samist við iðnaðarráðuneytið, að hann fengi greidda 30 tíma í yfirvinnu í hverjum mánuði óháð vinnutíma, og ekki hafi verið greitt aukalega fyrir þá tíma, sem hann vann umfram þetta, en þessari greiðslu hafi hann haldið í veikindaforföllum. Stefnandi telur, að krafa um greiðslu fyrir fasta yfirvinnu sé í samræmi við ákvæði nefndrar 14. gr. og dóma, sem gengið hafi þar um.

Stefnandi byggir á því, að samkvæmt 16. gr. 1. nr. 38/1954 og orlofslögum nr. 87/1971 sé orlof hluti af launum þess, sem starfar í þjónustu annars, og eigi því að falla undir föst laun í merkingu 14. gr. 1. nr. 38/1954. Stefnandi bendir á, að 2. mgr. 8. gr. 1. nr. 87/1971 geri ráð fyrir, að þeir starfsmenn, sem láti af störfum, fái greitt orlofsfé í stað orlofslauna, sem þeir hefðu notið, ef þeir hefðu verið áfram í starfi. Vegna kröfu um orlof á fasta yfirvinnu tekur stefnandi fram, að hann telji, að samkvæmt 1. gr. 1. nr. 87/1971 beri að greiða orlof á öll laun, þ.m.t. yfirvinnu, en auk þess

sé þessi liður byggður á sérákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna, og vísar stefnandi þar til liðar 4.2. í framlögðum aðalkjarasamningum fjármálaráðherra og launamálaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólanna fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 28. febrúar 1986 og fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Ákvæði þessi séu samhljóða í báðum samningunum, og þar segi, að starfsmaður skuli fá tiltekna prósentu í orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningum þessum, og telur stefnandi, að samkvæmt þessu ákvæði eigi hann að fá greitt 13,04% orlof á þá föstu yfirvinnu, sem lýst var hér að framan, enda hafi hann fengið þetta orlofsfé greitt, maðan hann starfaði hjá Landssmiðjunni.

Varðandi persónuuppbótina í desember segir stefnandi, að krafa um greiðslu hennar sé byggð á ákvæði 1.1.10. í kjaradómi frá 16. febrúar 1985 um aðalkjarasamning launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólanna, en meðan stefnandi gegndi starfi forstjóra Landssmiðjunnar, tók hann laun skv. kjarasamningi BHM. Í þessu ákvæði sé skýrt kveðið á um rétt starfsmanns í fullu starfi til að fá greidda tiltekna persónuuppbót í desember, og ekki sé unnt að fallast á þá afstöðu stefndu, að stefnandi eigi ekki að fá uppbótina greidda, þar sem hann hafi ekki verið við vinnu í desembermánuði 1985. Líta verði svo á, að með því að fyrrverandi starfsmaður, sem nýtur biðlauna, eigi að fá föst laun, þá taki það einnig til fastra umsaminna uppbóta, sem starfsmaðurinn hefði fengið á biðlaunatímanum, ef hann hefði áfram gegnt stöðu sinni. Hins vegar tekur stefnandi fram, að þessi krafa komi því aðeins til greina, að hann teljist eiga rétt til biðlauna fyrir desember 1985.

Þriðja atriðið í 14. gr. 1. nr. 38/1954, sem sérstaklega komi til skoðunar í þessu máli, sé, hversu lengi stefnandi hafi starfað í þjónustu ríkisins í merkingu greinarinnar. Í 14. greininni sé greiðslutími biðlauna mislangur eftir því, hversu lengi starfsmaður hafi verið í þjónustu ríkisins. Ef sá tími sé skemmri en 15 ár, þá skuli hann fá greidd biðlaun í 6 mánuði, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann hafi við niðurlagningu forstjórastöðunnar verið búinn að starfa í þjónustu ríkisins í um 31 ár og hann eigi því kröfu á biðlaunum í 12 mánuði. Stefnandi mótmælir þeirri málsástæðu stefndu, að til starfstíma í merkingu 14. gr. 1. nr. 38/1954 eigi eingöngu að telja þann starfstíma, sem stefnandi naut starfskjara og launa samkvæmt kjarasamningum BSRB eða BHM, og upphaf umrædds starfstíma hafi því verið einhvern tíma á tímabilinu 1. október 1980 til ársloka 1981, þar sem hann hafi fram að þeim tíma verið á ASÍ-kjörum, þ.e. tekið laun skv. kjarasamningum félaga innan Alþýðusambands Íslands. Stefnandi segir edlilegt að skýra orðin „í þjónustu ríkisins“ eftir hljóðan sinni, þannig, að þau taki til alls

Þess tíma, sem viðkomandi hafi starfað hjá ríkinu. Í tilviki stefnanda hafi þessum skilningi greinilega verið fylgt af hálfu launadeildar fjármálaráðuneytisins við framkvæmd á sama orðalagi í 16. gr. l. nr. 38/1954, en þar sé kveðið á um, að þeir starfsmenn, sem eiga að baki lengri þjónustuldur en 15 ár, eigi kost á allt að 27 virkum dögum, og stefnandi hafi verið búinn að ná 30 daga orlofsrétti. Slíkan rétt megi skv. lögum aðeins veita þeim starfsmönnum, sem hafa að baki 15 ára eða lengri starfsaldur. Þá bendir stefnandi á, að í framlögðu bréfi frá launadeild fjármálaráðuneytisins á dskj. nr. 8 sé starfsaldur tilgreindur „01.66“, sem þýði, að upphaf starfsaldurs sé miðað við janúar 1966. Þetta eigi þó væntanlega að vera 1953 eða 1957, en þótt aðeins sé miðað við árið 1966, sé ljóst, að stefnandi eigi að baki lengri starfsaldur en 15 ár.

Stefnandi bendir einnig á, að samkvæmt þeirri jafnræðisreglu, sem viðhafa verði í stjórnvísunni, þá eigi hann að njóta sömu réttinda og aðrir fyrrverandi starfsmenn Landssmiðjunnar, sem einnig voru skipaðir og þegar hafi fengið biðlaun. Þá mótmælir stefnandi þeirri skýringu stefndu, að orðið „jafnan“ í 14. gr. l. nr. 38/1954 merki þar venjulega eða oftast. Þessi skýring fái ekki staðist, því að orðið merki þarna „alltaf“, og eina undantekningin frá skyldu ríkisins til greiðslu biðlauna sé, þegar starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins, sbr. lok 14. gr.

Stefnandi mótmælir því, að hann sé eins settur nú og þegar hann gegndi starfi forstjóra Landssmiðjunnar, eins og stefndu halda fram. Megi í því efni benda á fjölmörg atriði til marks um breytingar á stöðu hans, s.s. minna starfsöryggi, réttur til launa í veikindum sé annar og þrengri nú, ekki sé gefið, að stefnandi haldi áfram sambærilegum lífeyrisréttindum, starfsaldur til launa sé annar hjá hinu opinbera, og sama gildi um tryggingar vegna slysa. Þá tekur stefnandi fram, að samkvæmt stofnsamningi Landssmiðjunnar hf. hafi hann engin sérréttindi innan félagsins, og það sé stjórn félagsins, sem ráði framkvæmdastjóra. Munur á starfi framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar hf. nú og starfi forstjóra ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar áður komi m.a. fram í því, að sem forstjóri hafi stefnandi stýrt fyrirtækinu undir stjórn iðnaðarráðuneytisins, en nú starfi hann undir stjórn hlutafélagsins, og aðstaðan sé t.d. allt önnur, útvegum ábyrgða vegna lána og annarra skuldbindinga vegna rekstursins.

Stefnufjárhæðina segir stefnandi byggða á útreikningum launadeildar fjármálaráðuneytisins á því, hver biðlaun stefnanda ættu að vera, ef biðlaunaréttur hans væri fyrir hendi. Um sé að ræða föst laun í þeirri merkingu, sem stefnandi haldi fram, og til viðbótar mánaðarlaunum skv. launatöflu komi umsamin föst yfirvinna, 30 tímar á mánuði eða 30% ofan á mánaðarlaun, og orlof, sem reiknist 13,04% ofan á mánaðarlaun, að við-

bættri fastri yfirvinnu. Þá er reiknað með persónuuppbót á desemberlaunin. Nánar sundurliðast stefnukrafan þannig:

<i>Launamánuður</i>	<i>Grunnlaun x 1,3</i>	<i>Heildarkrafa</i>
1985	x 1.1304	1. hvers mánaðar
janúar	59.693 kr.	59.693 kr.
febrúar	59.693 —	119.396 —
mars	70.890 —	190.275 —
apríl	70.890 —	261.166 —
maí	70.890 —	332.056 —
júní	70.890 —	402.946 —
júlí	74.435 —	477.381 —
ágúst	76.221 —	553.602 —
sept.	76.211 —	629.823 —
okt.	76.651 —	709.474 —
nóv.	82.040 —	791.514 —
des. (m/persónu- uppbót)	88.042 —	879.556 —

Stefnandi krefst vaxta frá þeim tíma, er launin hefðu komið til útborgunar, en hann hafi fengið laun sín greidd fyrir fram 1. hvers mánaðar.

#### IV.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að orðalag og tilgangur 14. gr. l. nr. 38/1954 eigi að leiða til þess, að stefnanda beri ekki að fá greidd biðlaun skv. nefndri lagagrein.

Í 14. gr. l. nr. 38/1954 segi, að sé staða ríkisstarfsmanns lögð niður, skuli starfsmaður „jafnan“ fá föst laun, er starfinu fylgja, ýmist í 6 eða 12 mánuði. Hér reyni því á skýringu á hinu tilvitnaða orði, „jafnan“, og ef leggja ætti túlkun stefnanda til grundvallar, væri umrætt orð tilgangslaut í greininni. Af hálfu stefndu var við munnlegan flutning málsins eingöngu byggt á því, að orðið „jafnan“ hefði merkinguna: venjulega eða oftast, og það stutt með tilvísun í viðbæti við Orðabók Sigfúsar Blöndals, sem út kom 1963, bls. 81. Stefndu halda því fram, að biðlaun vegna niðurlagningar stöðu sé tvímælalaust aðalreglan skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Með orðinu „jafnan“ sé hins vegar gerður fyrirvari, sem feli í sér, að séu sérstök rök fyrir hinu gagnstæða, skuli biðlaun ekki greidd. Það sé aftur skoðunaratriði hverju sinni, hvort einhver slík sérstök sjónarmið geti komið til, og stefndu telja, að í þessu máli séu atvik einmitt með þeim hætti, að það sé andstætt lagaákvæðinu að greiða stefnanda biðlaun.

Tilgangurinn með setningu 14. gr. l. nr. 38/1954 styðji og þá túlkun,

sem stefndu haldi fram, en hann sé að gefa fyrrum ríkisstarfsmanni rúman umþóttunartíma til að finna sér annað starf, þurfi hann að sæta því, að hið opinbera starf hans sé lagt niður. Þegar rætt sé um ríflegan uppsagnarfrest í athugasemd með greininni í frumvarpi að lögnum, sé einmitt verið að tala um slíkan umþóttunartíma. Og hjá stefnanda hafi ekki verið þörf fyrir neinn umþóttunartíma.

Að einu leyti hafi niðurlagning þeirrar opinberu stöðu, sem hér sé fjallað um, algera sérstöðu. Þarna hafi opinbert fyrirtæki verið lagt niður með þeim hætti að selja það starfsmönnum. Stefndandi þessa máls sé hluthafi í því hlutafélagi, Landssmiðjunni hf., sem keypti ýmsar eignir og rekstur Landssmiðjunnar. Hann hafi verið forstjóri Landssmiðjunnar og hafi haldið áfram sem framkvæmdastjóri Landssmiðjunnar hf. Starfsmaður sá, sem gegnt hafi þeirri opinberu stöðu, er lögð var niður, hafi sjálfur tekið við starfseminni og annist rekstur hennar í sama starfi og áður. Engar þær breytingar hafi því orðið á högum stefnanda í skilningi 14. gr. 1. nr. 38/1954, að réttlætt geti greiðslu biðlauna. Hann haldi áfram óbreyttu starfi, en nú í krafti eignaraðildar. Breyting úr því að vera forstjóri í að vera nú framkvæmdastjóri sé aðeins breyting á starfsheiti, og stefndandi sæki nú fyrirmæli vegna starfs síns til stjórnar fyrirtækisins, en áður til iðnaðarráðuneytisins.

Þá sé á það að líta, að stefndandi hafi verið lífið og sálin í því að koma í kring kaupum einstaklinga á Landssmiðjunni og verið í forsvari fyrir félögum starfsmanna fyrirtækisins, sem að þessu unnu, en lögbundið var, að kaupandi fyrirtækisins yrði hlutafélagið Landssmiðjan hf. Stefndu hafi því ekki átt neinn kost á því að nýta sér rétt ríkisins samkvæmt niðurlagsorðum 14. gr. 1. nr. 38/1954 og bjóða stefnanda annað sambærilegt starf á vegum ríkisins. Niðurlagning hinnar opinberu stöðu hafi hér verið í þágu stefnanda sjálfs jafnt sem ríkisins. Þess sé og að vænta, að stefndandi njóti að minnsta kosti sambærilegra launatekna eftir sem áður og einnig njóti hann væntanlega eignatekna sem hluthafi. Stefndu telja, að það renni einnig stóðum undir þá afstöðu þeirra, að ekki beri að greiða stefnanda biðlaun, hvernig leyst hafi verið úr sambærilegum málum, er nokkur ríkisfyrirtæki hafi verið lögð niður með sérstökum lögum á undanförunum misserum. Vísa stefndu hér til 52. gr. 1. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 6. gr. 1. nr. 107/1985 um Jarðboranir hf., 5. gr. 1. nr. 7/1987 um stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands og 2. gr. 1. nr. 59/1988 um breytingu á lögum um skipulag ferðamála nr. 79/1985. Með þessum lögum hafi fjögur ríkisfyrirtæki verið lögð niður eða heimilað að breyta rekstri þeirra í hlutafélög, en þau séu Grænmetisverslun landbúnaðarins, Jarðboranir ríkisins, Útvegsbanki Íslands og Ferðaskrifstofa ríkisins. Í öllum lögnum sé kveðið á um biðlaunarétt starfsfólks,

sem sæta verði niðurlagningu hinna opinberu starfa sinna. Það sé gert annaðhvort með þeim hætti, að sá aðili, sem taki við rekstri, sem ríkið hélt áður uppi, skuli gefa starfsmanni kost á sambærilegu starfi áfram, eða ákveðið er, að taki starfsmaður við starfi hjá því fyrirtæki, sem tekur við rekstrinum, skuli hann ekki eiga rétt til biðlauna skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954. Hugsunin sé augljóslega sú, að ekki séu rök fyrir greiðslu biðlauna, ef öruggt þyki um áframhald atvinnu viðkomandi starfsmanns, og löggjafinn fari þessa leið, jafnvel þótt ekki sé um „æviráðningu“ að ræða hjá þeim fyrirtækjum, sem taka við hinni opinberu starfsemi, og þar eigi í hlut einka-fyrirtæki. Stefndu halda því fram, að hin almennu lög, það er l. nr. 38/1954, verði að þessu leyti að skýra til samræmis við þau sérlög um einstakar ríkisstofnanir, sem áður greindi. Sambærileg tilvik eigi, eftir því sem kostur sé, að lúta sömu lagareglu, þannig að samræmi fái st.

Stefndu mótmæla sérstaklega þeim einstöku atriðum, sem stefnandi telur, að eigi að sýna fram á, að röskun hafi orðið á stöðu hans, svo sem öðrum starfsaldri til launa, tryggingum og réttindum í veikindum og breyttum lífeyrisréttindum, og vegna þess síðastnefnda benda stefndu á, að samkvæmt 2. mgr. 17. gr. 1. nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins haldi stefnandi rétti til aðildar að sjóðnum, þó að staða hans sé lögð niður.

Þá mótmæla stefndu því, að samkomulag það, sem stefnandi vísar til, frá 24. mars 1987, um lausn á ágreiningi vegna biðlauna 7 starfsmanna, eigi að hafa áhrif í þessu máli, enda sé þar skýrt tekið fram, að ríkissjóður hafni kröfum stefnanda og Hauks Baldurssonar.

Verði fallist á kröfu stefnanda um biðlaun, byggja stefndu varakröfu sína um lækkun stefnukröfunnar á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi eigi stefnandi ekki kröfu um greiðslu 12 mánaða biðlauna, því að samkvæmt 14. gr. 1. nr. 38/1954 þurfi 15 ára starfsaldur að vera fyrir hendi, er staða er lögð niður, til að starfsmaður eigi rétt til biðlauna í þann tíma. Ekki sé á því byggt, að rof á starfstíma stefnanda vegna starfa hjá öðrum í um tvö ár eigi að hafa hér áhrif, heldur byggi stefndu á því, að stefnandi hafi ekki öðlast réttarstöðu ríkisstarfsmanns í skilningi laga nr. 34/1954, fyrr en hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar. Það hafi væntanlega verið einhvern tíma á tímabilinu 1. október 1980 til 1. janúar 1982, en nánar skipti það tímamark ekki máli hér, því að úrslitum ráði, hvort starfstími telst lengri en 15 ár. Fram að þeim tíma hafi hann starfað hjá ríkinu á ASÍ-kjörum, en samkvæmt 1. gr. 1. nr. 38/1954 taki lögin ekki til starfsmanna, sem starfa hjá ríkinu með þeim hætti. Ekki sé hægt að fallast á þá afstöðu stefnanda, að orðalagið „í þjónustu ríkisins“ eigi að túlka óháð því, hver hafi verið starfskjör stefnanda, heldur verði að túlka ákvæðið þannig, að starfsmaður þurfi að hafa verið ríkisstarfsmaður í merkingu l. nr. 34/1954 í 15 ár, til þess að 12

mánaða biðlaun komi til greina. Þá mótmæla stefndu því, að starfsaldur til launa, eins og hann sé tilgreindur í framlögðu bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins, og ákvarðanir um orlofsrétt stefnanda eigi hér að hafa áhrif, eins og stefnandi haldi fram. Þessar ákvarðanir séu byggðar á kjarasamningum, sem heimili að taka tillit til ýmissa atriða, sem að lögum teljist ekki til starfstíma, svo sem aldurs viðkomandi og störfum í öðrum starfgreinum. Samkvæmt þessu geti stefnandi eingöngu átt rétt til biðlauna í 6 mánuði. Í öðru lagi mótmæla stefndu því, að viðurkennt verði, að biðlaunaréttur skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 nái til yfirvinnu, orlofs og persónuuppbótar, því að með föstum launum í greininni sé eingöngu átt við föst mánaðarlaun vegna dagvinnu, en ekki framangreindar aukagreiðslur. Ítrekuð eru mótmæli við því, að samkomulag um greiðslu biðlauna vegna 7 fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar eigi að hafa áhrif, þegar ákveðið sé í þessu máli, hvað teljist til fastra launa skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Stefndu taka fram, að því sé ekki mótmælt, að stefnandi hafi fengið þær greiðslur, sem hann lýsir, vegna yfirvinnu, en af hálfu stefndu er á því byggt, að stefnandi hafi haft vinnuskyldu vegna þessara greiðslna. Stefndu telja, að orlofslög, nr. 87/1971, og 16. gr. l. nr. 38/1954 eða kjarasamningar verði ekki túlkuð á þann veg, að orlof eigi að koma til viðbótar þeim föstu launum, sem greidd skuli í tiltekinn tíma samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954. Um persónuuppbótina taka stefndu sérstaklega fram, að hún hafi einungis verið greidd þeim launþegum hjá ríkinu, sem voru við störf í desembermánuði 1985, og því beri að hafna kröfu stefnanda um greiðslu persónuuppbótar, þar sem hann hafi ekki verið í starfi á þessum tíma og biðlaun hans eigi auk þess ekki að ná til seinni hluta árs 1985, eins og rakið hafi verið.

Stefndu gera ekki tölulegar athugasemdir við einstaka liði í kröfugerð stefnanda, en benda á, að grunnlaun stefnanda fyrstu 6 mánuði ársins 1985 eigi að sundurliðast þannig, að mánaðarlaun í janúar og febrúar hafi verið kr. 40.621 og mánaðarlaun í mars til júní kr. 48.240, og samtals séu föst laun í þessa 6 mánuði kr. 274.202.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt af hálfu stefndu, telji dómurinn, að skylda til greiðslu biðlauna sé fyrir hendi, og ekki eru gerðar athugasemdir við þá gjalddaga greiðslna fyrir yfirvinnu og orlof, sem stefnandi miðar vaxtakröfu sína við.

## V.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að stefnandi hafi verið ríkisstarfsmaður í skilningi laga nr. 38/1954 við starfslok hans hjá Landssmiðjunni 31. desember 1984.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 verður að skilja svo, að í þeim

tilvikum, þar sem greinin á við, eigi starfsmaður rétt á að fá greidd föst laun, er starfanum fylgdu, eins og nánar er ákveðið í greininni, nema viðkomandi starfsmaður hafi hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Verður því ekki fallist á þá skoðun stefndu, að orðið „jafnan“ í ákvæðinu eigi að leiða til frekari undantekninga frá rétti til umræddrar greiðslu en greinir í lokaorðum 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954. Eignaraðild stefnanda að því hlutafélagi, sem keypti rekstur Landssmiðjunnar, og starf hans á vegum þess félags, eftir að það tók við rekstri fyrirtækisins, leiða því ekki til þess, að niður falli réttur stefnanda samkvæmt 14. greininni. Ákvæði einstakra sérlaga, sem sett hafa verið um breytingar á eignarhaldi ríkisins á nokkrum ríkisfyrirtækjum og stofnunum og stefndu vísa til, eru öll sett, eftir að staða stefnanda var lögð niður, og taka aðeins til þeirra starfsmanna, sem þar eiga hlut að máli, og haggja ekki lögbundnum rétti stefnanda samkvæmt lögum nr. 38/1954. Stefnandi átti því rétt á að fá greiðslu skv. 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954, er staða hans sem forstjóra Landssmiðjunnar var lögð niður frá og með 1. janúar 1985.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 skal starfsmaður sá, sem gegnir stöðu, sem lögð er niður, jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Í 1. gr. 1. nr. 38/1954 er kveðið á um, til hvaða starfsmanna ríkisins lögin taka, og í athugasemd með greininni í frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 38/1954, kemur skýrt fram, að lögin ná ekki til allra, sem starfa í þjónustu ríkisins. Sérstaklega er tekið fram, að lögin nái ekki til þeirra, er starfa samkvæmt samningum stéttarfélaga fyrir tímakaup, dagkaup eða vikukaup, t.d. vegavinnu- og iðnaðarmenn (Alþt. 1953, A, bls. 418). Ágreiningslaust er, að á starfstíma stefnanda hjá Landssmiðjunni voru laun hans og starfskjör miðuð við kjarasamninga stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands, allt þar til hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra, en frá þeim tíma fór um starfskjör hans eftir lögum nr. 38/1954.

Ákvæði laga nr. 38/1954 kveða á um sérstök réttindi og skyldur þeirra starfsmanna ríkisins, sem lögin taka til, og víkja þar í ýmsu frá því, sem almennt tíðkast í skiptum launþega og vinnuveitenda, og þar á meðal eru hinar lögákveðnu bætur samkvæmt 14. gr., þegar staða er lögð niður. Þegar virt er sú skýring, sem fram kemur í áðurgreindum athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess, sem varð að l. nr. 38/1954, og þau réttindi og skyldur þeirra starfsmanna ríkisins, sem l. nr. 38/1954 taka til, verður að skýra orðin „í þjónustu ríkisins“ í 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 á þann veg, að þar sé átt við þann starfstíma, sem ríkisstarfsmaður hefur fallið undir l. nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laganna. Ekki verður talið, að sú framkvæmd launadeildar fjármálaráðuneytisins, sem stefnandi lýsir varðandi starfsaldur

hans til launa, þ.e. að miða upphaf hans við janúar 1966, og útreikningur sama aðila á orlofi stefnanda eigi hér að leiða til frávika frá þessari reglu. Samkvæmt framansögðu verður að miða upphaf þjónustualdurs stefnanda í merkingu 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 við þann tíma, er hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar, og eru aðilar sam-mála um, að það hafi í fyrsta lagi verið 1. október 1980, eins og greinir í ráðningarsamningi stefnanda, dags. 24. febrúar 1981, en ágreiningur um síðari tímamörk skiptir hér ekki máli. Þjónustualdur stefnanda í merkingu 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 var því í mesta lagi rúm 4 ár, og samkvæmt sömu grein á hann því rétt til greiðslu fastra launa, sem starfanum fylgdu, í 6 mánuði, frá því að staða hans var lögð niður.

Stefnandi miðar fjárkröfu sína í fyrsta lagi við, að hann fái greidd föst dagvinnulaun samkvæmt sama launaflokki og hann fékk greitt eftir, meðan hann gegndi forstjórastarfinu. Aðilar eru sammála um, að föst dagvinnulaun á mánuði samkvæmt þessum launaflokki hafi mánuðina janúar og febrúar 1985 verið kr. 40.621 og mars til júní 1985 kr. 48.240. Samtals hafi því þessi laun fyrir 6 mánaði, þ.e. janúar til og með júní 1985, verið (kr. 40.621 x 2 + kr. 48.240 x 4) kr. 274.202. Í samræmi við það, sem áður greinir, er þessi hluti fjárkröfu stefnanda tekinn til greina að fullu.

Í öðru lagi gerir stefnandi kröfu um, að hann fái auk dagvinnulauna mánaðarlega greidda fasta yfirvinnu, er nemi 30 tímum á mánuði, og reiknist hver tími sem 1% af föstum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Af hálfu stefndu er greiðslu fyrir yfirvinnu mótmælt á þeim grundvelli, að hún falli ekki undir föst laun, er starfanum fylgdu, í 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954, en málf lutningur stefndu verður eigi skilinn á þann veg, að því sé mótmælt, að stefnandi hafi fengið greiðslur fyrir yfirvinnu með þeim hætti, sem stefnandi lýsir. Stefnandi var forstjóri Landssmiðjunnar, og verður að telja, að með samkomulagi hans við iðnaðarráðuneytið hafi sú fasta greiðsla, er hann fékk mánaðarlega fyrir yfirvinnu, hvort sem vinna hans reyndist meiri eða minni í tímum talið, orðið hluti af þeim föstu launum, sem starfanum fylgdu, samkvæmt 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954. Stefnu verða því dæmdir til að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið 30 tíma í yfirvinnu á mánuði á tímabilinu janúar til loka júní 1985, samtals (kr. 12.186 x 2 + kr. 14.472 x 4) kr. 82.260.

Í þriðja lagi gerir stefnandi kröfu um, að hann fái greitt 13,04% í orlof, er reiknist af föstum dagvinnulaunum og fastri yfirvinnu, 30 tímum á mánuði, þann tíma, sem hann á rétt á greiðslu launa samkvæmt 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954. Þegar regla 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954 var sett, höfðu opinberir starfsmenn sem og aðrir launþegar átt lög bundinn rétt til orlofs frá árinu 1943, sbr. 1. nr. 16/1943, og í 16. gr. 1. nr. 38/1954 eru ákvæði um orlofsrétt þeirra starfsmanna, er lög in taka til. Lagareglur um orlof

hafa frá upphafi miðað að því, að þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, eigi þess kost að taka sér orlof frá starfi sínu í tiltekinn tíma á ári og fái þá greitt orlofsfé eða haldi föstum launum í orlofi. Takmarkanir eru og á því, að starfsmaður megi taka vinnu í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og á flutningi orlofs milli orlofsára, og bann er við framsali orlofsfjár og flutningi þess milli orlofsára, sbr. 12. og 13. gr. 1. nr. 87/1971, nú l. nr. 30/1987, og 3. mgr. 16. gr. 1. nr. 38/1954.

Stefnandi var fastur starfsmaður Landssmiðjunnar, þegar staða hans var lögð niður, og samkvæmt þágildandi orlofslögum, sbr. 1. mgr. 8. gr. 1. nr. 87/1971, skyldi fastur starfsmaður fá laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sömu laga, sbr. og reglu 1. mgr. 16. gr. 1. nr. 38/1954 um, að í orlofi skuli starfsmenn einskis í missa af föstum launum.

Stefnandi byggir á því, að til viðbótar orlofi á dagvinnulaun eigi hann að fá greitt 13,04% orlof á fasta yfirvinnu, og er sú krafa byggð á 1. gr. 1. nr. 87/1971 og ákvæði 4.2. í þeim kjarasamningum, er stefnandi vísar til, en samkvæmt þeim bar að greiða orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur.

Engin sérákvæði eru í lögum eða hinum tilvitnuðu kjarasamningum um ráðstöfun eða meðferð þessa orlofsfjár. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, giltu ákvæði reglugerðar nr. 150/1972 um orlof með síðari breytingum um meðferð orlofsfjár á yfirvinnu, og skyldi það greitt til Póstgíróstofunnar. Starfsmaður, sem fengið hafði orlofsfé með þessum hætti, gat síðan fengið féð greitt út við upphaf orlofs, enda legði hann fram vottorð vinnuveitanda síns um það, hvaða daga hann yrði í orlofi, og vottorð trúnaðarmanns verkalýðsfélags síns um hið fyrirhugaða orlof, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 150/1972, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 76/1974.

Þegar virt eru áðurgreind sjónarmið um orlofsrétt fastra starfsmanna og reglur um meðferð orlofsfjár, verður ekki talið, að orlof það, sem stefnandi krefur stefndu um, falli undir föst laun í merkingu 1. mgr. 14. gr. 1. nr. 38/1954, enda nyti stefnandi þá í raun launa í lengri tíma en lög ákveða. Sérregla 2. mgr. 8. gr. 1. nr. 87/1971 á eigi við um það tilvik, sem hér er fjallað um, þar sem krafan lýtur ekki að þegar áunnu orlofi, er staða stefnanda var lögð niður. Verður krafa stefnanda um 13,04% orlof á föst dagvinnulaun og fasta yfirvinnu því ekki tekin til greina.

Fjórði liður í fjárkröfu stefnanda, um greiðslu persónuuppþótar í desembermánuði, kemur ekki til úrlausnar hér, þar sem því var lýst yfir af hálfu stefnanda, að sú krafa miðaðist eingöngu við, að stefnandi teldist eiga rétt til launa skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954 í desembermánuði 1985.

Niðurstaða dómsins er því samkvæmt framangreindu sú, að stefndu eru dæmdir til að greiða stefnanda samtals kr. 356.462 með vöxtum, eins og

krafist er og nánar greinir í dómsorði, en vaxtakröfu stefnanda og upphafstíma vaxta á einstökum hlutum hinnar dæmdu fjárhæðar hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, þ.m.t. greiðslutíma vegna yfirvinnu.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 95.000, þ.m.t. söluskattur.

Tryggvi Gunnarsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar, greiði stefnanda, Sigurði Danielssyni, kr. 356.462 ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 52.807 frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 105.614 til 1. mars 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 168.326 frá þ.d. til 1. apríl 1985, af kr. 231.038 frá þ.d. til 1. maí 1985, af kr. 293.750 frá þ.d. til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum af kr. 356.462 frá þ.d. til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til þ.d. til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þ.d. til 25. júní 1988, en með ársvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Tildæmdir dráttarvextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skulu 1. febrúar 1986 færðir til höfuðstóls, sem dráttarvextir reiknast af, og síðan skulu áfallandi dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefndu greiði stefnanda kr. 95.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.